



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 14. júní 2007

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd fimmtudaginn 14. júní kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Upprekstrarmál
2. Refa- og minkaveiðar
3. Skrapatungurétt
4. Önnur mál

1. Upprekstrarmál.

Ákveðið var að leggja til að upprekstur hrossa á afréttarlönd verði leyfður föstudaginn 22. júní næstkomandi. Ákveðið var að hagagjald rekinna hrossa hrossaeigenda á Blönduósi verði þriðjungi hærra en fjallskil sem lögð verða á stóðhross í dreifbýli skv. forðagæsluskýrslum sbr. bókun í fundargerð landbúnaðarnefndar 28. feb. 2007:

“...Landbúnaðarnefnd leggur til að búfjáreigendum á Blönduósi verði heimilaður upprekstur hrossa á afréttarlönd sveitarfélagsins. Þeir greiði hagagjald fyrir þau hross sem rekin eru ár hvert og skulu sækja um áður en rekið er. Hagagjald þetta verður hærra en gjald sem lagt er á stóðhross á lögbýlum enda er það gjald lagt á skv. forðagæsluskýrslum óháð afréttarnotum. Auk þess greiða eigendur lögbýla landgjald til fjallskilasjóðs sem búfjáreigendur á Blönduósi greiða ekki.

Búfjáreigendum á Blönduósi sem nýta afréttinn verður jafnframt gefinn kostur á að taka göngur og komi gagnakaup til frádráttar fjallskilum eins og hjá búfjáreigendum á lögbýlum.”

Hrossaeigendur á Blönduósi sem hyggjast reka hross í afréttarlönd Blönduóssbæjar eru vinsamlegast beðnir að tilkynna um fjölda hrossa til fjallskilastjóra. Vakin skal athygli á því að allir þeir sem fjallskil greiða hafa kost á því að vinna af sér fjallskil og á þetta jafnt við um greiðendur fjallskila í dreifbýli og þéttbýli.

Vilji menn breytingar á fjallskilavinnu eru viðkomandi beðnir að hafa samband við fjallskilastjóra eigi síðar en 15. ágúst.

2. Refa- og minkaveiðar.

Fjallskilastjóri lagði fram til kynningar viðmiðunartaxta fyrir refa- og minkaveiðar uppgjörstímabilið 1. sept. 2006 – 31. ágúst 2007.

3. Skrapatungurétt.

Landbúnaðarnefnd sér ekki ástæðu til að breyta kostnaðarskiptingu milli Blönduóssbæjar og Skagabyggðar varðandi viðhald Skrapatunguréttar sbr. erindi frá hreppsnefnd Skagabyggðar.

4. Önnur mál.

Landbúnaðarnefnd beinir því til bæjarstjórnar að hún beiti sér fyrir því að vaðið við Skrapatungurétt verði opnað á ný. Vegagerðin lokaði því fyrir síðustu réttir, þar sem illa gekk að ná því góðu. Nauðsynlegt er að vaðið sé í lagi um réttir þar sem að og frá réttinni er mikil umferð fjárflutningabíla,



dráttarvéla, bíla með stórar hestakerrur og annarra bíla. Ófært er að beina allri þessari umferð á Mýrarbraut, eins mjó og hún er.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fleira ekki gert.
Gauti Jónsson
Þórður Pálsson
Ragnar Ingi Tómasson

Fundi slitið kl. 17:50
Anna Margrét Jónsdóttir